

2. febrúar 1987

69

Nr. 35

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 4. febrúar 1987 til og með 15. maí 1987, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23° 42'0 V og að norðan af 64° 20'0 N.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. febrúar 1987.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

27. janúar 1987

Nr. 36

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði
sveitarfélaga, nr. 467 frá 7. ágúst 1981,
sbr. reglugerð nr. 138 frá 6. mars 1984.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu útsvara á árinu 1987 telst skilyrði 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 467 frá 7. ágúst 1981 fullnægt, þótt hundraðshluti álagðra útsvara hafi ekki verið hærrí en 10,4%.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73/1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. janúar 1987.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.